

Guðbrandur Jezorski
Hóll 2
Dalabyggð

Dalabyggð 2. júní 2023
Málsnúmer: 2305025

Grenndarkynning

vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Hóls 1 í Hörðudal

Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 31. Maí 2023 að láta fara fram grenndakynningu í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Hóls 1 í Hörðudal.

Fyrirhugað skógræktarsvæði liggur að jarðamörkum Hóls 2 norðan Hólsfjalls, sbr. afmörkun svæðis á meðfylgjandi afstöðumynd og skýringarmyndir aftast í bréfi þessu. Umsóknin skal því grenndarkynnt fyrir eigenda að Hóli 2.

Afmarkað samningssvæðis fyrir kolefnisskógrækt í landi Hóls 1 er 199,2 ha en innan þess er gert ráð fyrir 136,5 ha gróðursetningarsvæðum þegar frá er tekið votlendi sem ekki verður plantað í.

Um er að ræða áframhaldandi skógrækt, 2. áfanga á jörðinni, en árið 2018 var var veitt leyfi fyrir 1. áfanga skógræktar.

Skipulagsáætlanir

Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.

Í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 er jörðin Hóll 1 öll skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum með skilyrðum. Tekið skal tillit til þekkra fornminja, sbr. lög um menningarminjar og þess gætt að vistkerfum sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd verði ekki verði spillt.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er ekki á náttúruminjaskrá eða skilgreint verndarsvæði.

Fornleifaskráning

Engar fornminjar eru skráðar innan marka fyrirhugaðs skógræktarsvæðis samkvæmt fornleifaskráningu á jörðinni frá árinu 2018.¹

Sérstök vernd tiltekinnar vistkerfa og jarðminja

Innan afmarkaðs samningssvæðis skógræktar (199,2 ha) er að finna votlendi sem fellur undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þau hafa verið afmörkuð á afstöðumynd með umsókninni og verður ekki gróðursett í votlendissvæðin. Innan marka samningssvæðis skógræktar eru ekki önnur vistkerfi eða jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd skv. lögnum.

Umsóknin samræmist gildandi aðalskipulagi.

¹ [Fornleifaskráning í landi Hóls í Dalabyggð vegna fyrirhugaðrar skógræktar \(Bjarni F. Einarsson, 2018\)](#)

Framkvæmdalýsing í umsókn dags. 15. maí 2023:

Dalirnir heilla ehf. kt. 500317-1160, óska hér með eftir framkvæmdarleyfi fyrir kolefnisskógrækt á jörðinni Hóli 1 land nr.137935 í Hörðudal í Dalabyggð. Fyrirhugað skógræktarsvæði er 199 hektarar af stærð og allt undir 300 metrum yfir sjó. Meginmarkmið skógræktarinnar er að binda kolefni og verður það vottað sem slíkt af vottunarstofu. Þá er gert ráð fyrir að skógurinn verði opinn og hægt verði að nýta hann til útivistar. Skógræktaráformin falla vel að aðalskipulagi Dalabyggðar. Búið er að gera fornleifa skráningu á jörðinni, Bjarni F. Einarsson framkvæmdi hana 2018. Við útlitshönnun skógarins verður leitast við að laga skóginn eins vel að landinu og kostur er. Fyrirhugað Skógræktarsvæði er 199 ha og liggur úr Hörðudal um Hóliskarð, meðfram Múlahorni og í átt að Skraumu. Allt skógræktarsvæðið er undir 300 metra hæð yfir sjó. Á jörðinni er fyrir 199 ha skógræktarsvæði með samning við Skógræktina. Skógræktarsvæðið sem hér er fjallað um liggur meðfram því svæði að hluta en í 100 metra fjarlægð. Þetta er gert meðal annars með varnir gegn gróðureldum í huga. Land innan svæðis er afar hentugt til skógræktar og liggur stór hluti af svæðinu vel á móti suðri. Svæðið skiptist m.a. í grasi gróin svæði, lyngmóa og mosagróna mela. Hluti svæðisins fer upp í hlíðar Hólshjalls en þar fyrir ofan kletta eru grasi grónir balar sem eru ákjósanlegir til skógræktar. Klettabelti og töluverður bratti er upp að þessum stöllum eða böllum og verður ekki plantað í þann hluta. Fundin verður leið sunnarlega á svæðinu til að komast upp á stallinn, þar er minni bratti. Votlendi er nálægt Skraumu en það verður tekið út og ekki verður plantað í það. Vegslóði liggur í gegnum landið og verður hann nýttur sem vinnuslóði. Trjátegundir sem henta í slíka skógrækt þurfa að binda mikið kolefni þær tegundir sem henta hér best eru fura, lerki, greni og ösp. Birki bindur lítið kolefni en það má nýta það í jaðra til að mýkja ásýnd skógarins.

Í 44. gr. skipulagslaga segir um grenndarkynningar:

- *[Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 6. gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu. ...*
- *Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. ...*

Samkvæmt 3. mgr. 44. gr. laganna er skipulagsnefnd heimilt að heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

Fyrirhugað skógræktarsvæði liggur að jarðamörkum Hóls 2 norðan Hólsfjalls. Landeiganda að Hóli 2 er hér með gefinn kostur á að koma skriflegum athugasemdum eða ábendingum vegna framkvæmdaleyfisumsóknarinnar á framfæri við skipulagsfulltrúa Dalabyggðar á netfangið skipulag@dalir.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins Miðbraut 11, 370 Búðardal. Frestur til að skila inn athugasemdum/ábendingum er 4 vikur frá dagsetningu þessa bréfs, þ.e. til og með **30. júní 2023**.


Nánari upplýsingar verða veittar hjá undirrituðum í síma 585 9181 eða tölvupósti skipulag@dalir.is

Bent er á að heimilt er að stytta tímabil grenndarkynningarinnar, ef viðtakandi grenndarkynningar hefur fyrir lok athugasemdarfrests lýst því yfir skriflega með áritun hér fyrir neðan að hann geri ekki athugasemd við þessa umsókn um framkvæmdaleyfi:

Ég, eigandi að Hóli 1 (Inr. 209049), hef kynnt mér þessa grenndarkynningu og geri ekki athugasemd við fyrirhugaða skógrækt, 2. áfanga í landi Hóls 1.

Dags. _____

f.h. Hóls 2



Guðbrandur Jezorski

Kt.

Virðingarfyllt




Hlynur T. Torfason

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð


Meðfylgjandi:

- Afstöðumynd af skógræktarsvæði í landi Hóls 1
- Skýringarmyndir 1 og 2 sem sýna núverandi skógræktarsvæðis.(1. áfanga) og fyrirhugað skógræktarsvæðis skv. þessari umsókn (2. áfanga)



Skýringarmynd 1

Myndin sýnir núverandi skógræktarsvæði, Hólsfjall, Skraumu, og nýtt skógræktarsvæði



Skýringarmynd 2

Myndin sýnir sjónarhorn frá Blönduhlíðarhálsi. Til vinstri er Hörðudalur og til hægri er Selárdalur/Hóisdalur. Myndin sýnir vel hvernig skógræktarsvæðin eru aðgreind með 100m varnarlinu.

